
Ellefu listamenn taka að þessu sinni þátt í Vetrarmynd að Kjarvalsstöðum og kennir þar margra grasa í listsköpun af ýmsum toga. Í vali þátttakenda í Vetrarmynd er lögð áhersla á fjölbreytni og sá tónn ræður ríkjum á sýningunni, þar sem sýnt er það nýjasta frá hverjum listamanni. Vetrarmynd lýkur um mánaðamótin.

Grein: Árni Johnsen
Myndir: Emilía Björg Björnsdóttir



Ur myndinni Klippt en ekki skorið.


„Sækir í það fígúratíva"

„Ég er að vinna í aðra sýningu af krafti um þessar mundir," sagði Sigurður Örlygsson, „við Ómar Súlason ætlum að sýna saman í maí á Kjarvalsstöðum og það er ekkert annað en að vinna mikið til þess að allt gangi upp.

Ég hef verið í Danmörku og Svíþjóð að undanförnu og ég vona að það komi fram nokkur breyting á mínum verkum, ég nota nokkuð fótotækni, silkiprentun og fleira og held að stíllinn sé orðinn frjálsari, þetta sækir í það fígúratíva."



Sigurður Örlygsson




Úr Tölvuvæðingunni.


Allt nýlegar myndir

„Þetta eru allt nýlegar myndir á sýningunni," sagði Einar Þorlaksson, en hann sýnir í Vetrarmynd verk sem heita; Haust, Aðventa, Húm, Tölvuvæðing, Fæðing, Feigð, Að vestan, Nemesis og Inni.

Við birtum ekki mynd af Einari þar sem hann er slíku mótfallinn, en meðfylgjandi mynd er úr verki hans: Tölvuvæðingunni.



Hámynd og lágmynd Magnúsar



„Vinn eins og kontóristi"

„Ég er að vinna að myndum í svipuðum dúr og eru í Vetrarmynd," sagði Magnús Tómasson og einnig er ég með ýmislegt nýtt á prjónunum, grafík er í seilingu og ég er að gera tilraunir með þrívíðar myndir, eins konar veggmyndir steyptar í pappír.

Annars má segja að ég vinni að myndlistinni eins og kontóristi, reglulega á hverjum degi."



Magnús

Ein af teikningum Baltasars.


Að velja sitt föðurland

„Ég er að undirbúa afmælissýningu fyrir 9. janúar 1983, þá á ég 20 ára afmæli á Íslandi, verð eiginlega tvítugur Íslendingur. Ég verð með allt nýtt á þeirri sýningu sem ég ætla að tileinka Íslandi," sagði Baltasar sem er fastur liður í Vetrarmynd.

Baltasar kvaðst hafa ferðast til Bandaríkjanna á sl. ári og væri hann ennþá að melta áhrifin frá þeirri ferð eftir að hafa upplifað landið. „Það eru því ýmsar hræringar á lofti," sagði hann, nýjungagirni hefur alltaf fylgt mér og að því leyti er ég líkur íslenska verðurfarinu, þar sem sí-breytileikinn ræður ferðinni.

Í Arizona var alltaf sólskin, en veðrabrigðin líka mér betur til lengdar. Það var skemmtilegt að fara út og finna það virkilega að hér á ég heima og valdi rétt. Það eru ekki allir sem geta valið sitt föðurland."





Hlustað á eigin verk.


Leirinn og brauðstritið eiga samleið


„Um þessar mundir vinn ég aðallega í leir og sigli þar í mínum stíl," sagði Haukur Dór, „ég fæst lítið við að mála, en teikna svolítið. Það er brauðstritið sem situr í fyrirrúmi svo allt hafi sinn gang.



Ein af Grímum Hauks Dórs, en auk þeirra sýnir hann teikningar í Vetrarmynd.

Haukur Dór





Ein af seríum Þórs.

Vinna í myndröðum

Þór Vigfússon er yngstur Vetrarmyndarmanna að þessu sinni, en hann sýnir ljósaverk og þríhyrninga. Þór nam í Handíðaskólanum og hefur sýnt í mörgum samsýningum.

Hann vinnur talsvert mikið í myndröðum eins og má t.d. sjá á meðfylgjandi mynd sem er þó ekki í Vetrarmyndinni. Þór sagðist vinna aðra vinnu með listsköpuninni, hann kæmist ekki upp með annað, og væri því eins konar frístundamálari.



Þór Vigfússon.

mamma setur það saman"